S T Y K K I S H Ó L M S B Æ R

Alþingi
Erindi nr. Þ 121 / 479
komudagur 12/12 1996

Stykkishólmi 10.desember, 1996.

Umhverfisráðuneytið,
Vonarstræti 4,
150 Reykjavík.

Varðar nefnd um skipulag hálendis Íslands.

Á fundi bæjarráðs Stykkishólms þann 28.nóvember, 1996, var m.a. rætt um nefnd, sem mun vera að störfum og fjallar um skipulag hálendis Íslands.
Athygli vekur, að Stykkishólmsbær og önnur sveitarfélög á Snæfellsnesi munu ekki eiga aðild að þessu starfi.

Á framangreindum fundi bæjarráðs var samþykkt að óska eftir aðild Stykkishólmsbæjar að nefndarstarfi um skipulag hálendis Íslands.

Virðingarfyllst,

Ólafur Hilmar Sverrisson,
bæjarstjóri.

Afrit:
Umhverfisnefnd Alþingis.
Héraðsnefnd Snæfellinga.